



Brú yfir Mjóafjörð og vegur frá Eyri í Ísafirði að Hörtná í Mjóafirði

Um mannvirkið

Hér er verið að vígja brú á Mjóafjörð en um leið er tekinn í notkun vegarkafla frá Eyri í Ísafirði að Hörtná í Mjóafirði, samtals 28,1 km að lengd. Á þessum vegarkafla eru þrjár brýr samtals 200 m að lengd. Verkið hófst árið 2005 og var unnið í þremur útboðsverkum sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Vegir og brýr á Reykjafjörð og Vatnsfjarðarós voru teknar í notkun haustið 2008 og notaðir yfir veturinn. Nú er verkinu að mestu lokið en eftir nokkur frágangur og uppsetning vegriða.

Vegir og brýr á Reykjafjörð og Vatnsfjarðarós voru hannaðar af starfsmönnum Vegagerðarinnar, en brú á Mjóafjörð af verkfræðistofunni Eflu (áður Línuhönnun).

Verktaki við vegagerð í öllum verkunum var KNH ehf. Ísafirði en með honum voru Vestfirkir verktakar ehf. Ísafirði við brúargerð, ásamt ýmsum undirverktökum. Starfsmenn Vegagerðarinnar sáu um eftirlit ásamt Tækniþjónustu Vestfjarða, Ísafirði

Verkið: Eyri –Svansvík

Vegarkaflinn er frá slitlagsenda á Eyrarhlíð að slitlagsenda innan Svansvíkur.

Lengd er 10,08 km.

Helstu magntölur eru:

Bergskeringar	92 þús. m ³
Fyllingar og fláafleygar	146 þús. m ³
Neðra burðarlag	42 þús. m ³
Efra burðarlag	17 þús. m ³
Klæðing	74 þús. m ²
Frágangur fláa	187 þús. m ²
Bitavegrið	7600 m
Efnisvinnsla	20 þús. m ³

Verkið: Um Svansvík:

Kaflinn byrjar innan Svansvíkur og endar við Rauðagarð, rétt utan fyrri vegamóta Vatnsfjarðavegar [633] og Reykjanesveggar [634].

Heildarlengd þessa vegarkafla er 3,6 km.



Helstu magntölur eru:

Bergskeringar	32,5 þús. m ³
Fyllingar og fláafleygar	50,5 þús. m ³
Neðra burðarlag	16,1 þús. m ³
Efra burðarlag	6,0 þús. m ³
Tvöföld klæðing	26,4 þús. m ²
Frágangur fláa	68,5 þús. m ²

Verkið: Reykjanes - Hörtná

skiptist í 4 verkhluta: Vegagerð og 3 brýr

1. Almenn vegagerð

Um er að ræða ný- og endurlögn Djúpvegar (61) frá slitlagsenda við Rauðagarð, út Reykjanes, yfir Reykjarfjörð, fyrir Sveinhúsanes, Vatnsfjörð, yfir Vatnsfjarðarháls og yfir Mjóafjörð um Hrútey að slitlagsenda utan Hörtnár.

Lengd þessa hluta er 14,56 km, aðrir vegir og tengingar eru 2,24 km.

Helstu magntölur eru:

Efnisvinnsla	35,2 þús. m ³
Sprengingar	360 þús. m ³
Undirbygging	540 þús. m ³
Neðra burðarlag	66 þús. m ³
Efra burðarlag	30 þús. m ³
Klæðing	113 þús. m ²
Rofvarnir	57,5 þús. m ³
Frágangur fláa	400 þús. m ²
Bitavegrið	7500 m

2. Brú á Reykjarfjörð

Brúin er 60 m löng steypt eftirspennt bitabré í tveimur höfum með 7,5 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum. Heildarbreidd brúar er 8,5 m. Landstöplarnir eru með bogadregnum vængjum. Í framhaldi af þeim koma leiðigarðar, sem ná um 30 m út frá brúnni til beggja handa. Brúin er u.þ.b. í miðjum firði, en vegfyllingin er um 900 m löng yfir fjörðinn. Brúin er grunduð á 10 - 12 m löngum steyptum staurum. Niðurrekstur var framkvæmdur af vinnuflokki Vegagerðarinnar.

Helstu magntölur eru:

Mótafletir	1.166 m ²
Steypustyrktarjárn	33.160 kg
Spennt járnalögn	8.600 kg
Steypa	540 m ³



3. Brú á Vatnsfjarðarós (Hópið)

Brúin er 10 m löng steipt bitabré í einu hafi með 7,5 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum. Heildarbreidd brúar er 8,5 m.

Brúin er grunduð á klöpp. Í op brúarinnar var byggður steiptur veggur til að tryggja vatnshæð í lóni innan við brú.

Helstu magntölur eru:

Mótafletir	699 m ²
Steypustyrktarjárn	14.100 kg
Steypa	164 m ³

4. Brú á Mjóafjörð (Hrúteyarsund)

Brúin er á nýju vegarstæði Djúpvegar yfir Mjóafjörð frá skeri austan fjarðar og út í Hrútey og er vegurinn á fyllingu frá Hrútey og vestur yfir fjörðinn. Brúin er með 8 m breiðri akbraut en til hliðar eru svæði fyrir vegrið og upphengistangir þannig að heildarbreidd yfirbyggingar er 11,3 m. Heildarlengd brúargólfsins er 130 m.

Brúin er stálbogabré með tveimur yfirliggjandi stálbogum sem hallast hvor mót öðrum og er lengd boga 107 m milli bogaundirstaða. Hæð boga er 17 m yfir undirstöðum og ná þeir 14 m yfir akbrautina. Þeir eru tengdir saman með 7 þverbitum yfir akbrautinni en 2 þverbitum undir henni. Bogarnir eru gerðir úr 750 mm stálrörum og eru endar þeirra steiptir inn í bogaundirstöðurnar. Þar eru soðnir skúfboltar á bogaendana til að yfirfæra krafta úr bogum í undirstöður.

Yfirbygging brúarinnar eða brúargólfið er 130 m langt samverkandi gólf úr stálbitum með steiptu gólfi er hengt upp í bogana með 60 mm hengistöngum sem gerðar eru úr hástyrkleikastáli.

Langbitar brúargólfsins eru 2 soðnir 1050 x 500 mm kassabitar sem smíðaðir voru í 12 m lengdum. Langbitarnir eru tengdir saman með 35 soðnum 640x300 mm kassalaga þverbitum. Ofan á þverbitana í langstefnu brúarinnar voru síðan lagðar 120 mm þykkar forsteypar plötueiningar. Ofan á einingarnar og stálbitana er brúargólfið síðan steipt og mynda forsteypu plötturnar neðri hluta steipta gólfsins. Allar undirstöður brúar, þ.e. boga og yfirbyggingar eru steiptar og grundaðar á klöpp. Á bríkum brúarinnar eru vegrið úr stáli eða áli sem boltuð eru niður í innsteypar festingar.

Helstu magntölur eru:

Mótafletir	1.400 m ²
Steypustyrktarjárn	105.100 kg
Steypa	853 m ³
Plötur fyrir yfirbyggingu	1.201 m ²
Smíði og uppsetning boga	146,6 tonn
Smíði og uppsetning stálbita	172,0 tonn
Smíði og uppsetning hengistanga	18,7 tonn
Stálvirki, hreinsun	1.620 m ²
Stálvirki, málun	2.440 m ²
Stálvirki, málmhúðun	1.620 m ²

Stálvirki, heitgalvanhúðun

1.560 m²

